

**Borgarstjórn**  
**16. maí 2017**

### **Tillaga um aukið fjármagn til nýsköpunar í velferðarmálum**

Borgarstjórn samþykkir að auka fjárveitingar vegna innleiðingar, rannsókna og nýsköpunar sem tengjast velferðartækni um 100 m.kr. á árinu 2018.

Greinargerð:

Nú fer í hönd gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018 og ekki seinna vænna en að gera ráð fyrir því að í þessum mikilvæga lið. Í upphafi kjörtímabilsins lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram tillögu um að fjárfest yrði í velferðartækni og nýsköpun um tugi milljóna en sú tillaga var felld. Lítið hefur miðað í þágu velferðartækni í Reykjavík, ekki hefur verið starfsmaður í fullu starfi að sinna þessum málum og þó að borgin hafi tekið þátt í samstarfsverkefnum á vegum norrænu ráðherranefndarinnar getur það ekki komið í stað þeirrar vinnu sem nauðsynleg er í borginni. Greina þarf hvar í starfseminni ætti að innleiða breytingar, hvar eigi að taka upp tækninýjungar og nýjar leiðir í þjónustu út frá því sem best hefur reynst annars staðar. Nauðsynlegt er að stofna til samstarfs- og nýsköpunarvettvangs við fyrirtæki og sprota í borginni sem áhuga gætu haft á því að koma að þessari þróun. Í slíku samstarfi geta falist gríðarleg tækifæri sem ekki má vanmeta. Kostnað vegna slíkrar vinnu verður ekki mætt innan fjárheimilda velferðarsviðs eins og staðan er í dag.